

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1271**2017/EES/67/66**

frá 14. júlí 2017

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á kísildíoxíði (E 551) í kalúmnítrat (E 252) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvælaaukefni, matvælaensím, matvælabragðefni, næringarefni og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Umsókn um leyfi til að nota kísildíoxíð (E 551) sem kekkjavarnarefni, sem bætt er við kalúmnítrat (E 252), var lögð fram 7. júlí 2016 og gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Kalúmnítrat (E 252) sýnir við geymslu mikla tilhneigingu til að mynda kekki sem kemur í veg fyrir notkun þess við matvælavinnslu. Því þarf kekkjavarnarefni til að tryggja flæði og réttan skammt af þessu aukefni. Umsækjandinn hefur sýnt fram á að leyfð kekkjavarnarefni fyrir kalúmnítrat (E 252) eru ekki skilvirk eða geta leitt til óæskilegra breytinga á sýrustigi og þar með truflað matvælavinnsluna. Hins vegar hefur verið sannað að kísildíoxíð (E 551) er skilvirkt og hvarfast hvorki við matvælin né hefur áhrif á frekari vinnslu matvællanna.
- 5) Vísindanefndin um matvæli fastsetti ásættanlega, daglega inntöku fyrir flokk efna sem „ekki tilgreind“ fyrir kísildíoxíð (E 551) og tiltekin sílíköt (t.d. natríum-, kalíum-, kalsíum- og magnesíumsílíköt) þegar þau eru notuð sem kekkjavarnarefni ⁽³⁾. Það bendir til þess að kísildíoxíð (E 551) skapi ekki hættu fyrir heilbrigði þegar það er notað í því magni sem nauðsynlegt er til að ná fram tilætluðum tæknilegum áhrifum. Aukin váhrif á neytendur af völdum kísildíoxíðs (E 551), þegar það er notað sem kekkjavarnarefni í kalúmnítrat (E 252), verða áfram takmörkuð.
- 6) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna.
- 7) Þar eð leyfi fyrir notkun á kísildíoxíði (E 551) í kalúmnítrat (E 252) telst uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 8) Því er rétt að leyfa notkun á kísildíoxíði (E 551) sem kekkjavarnarefni í kalúmnítrat (E 252).
- 9) Því ætti að breyta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 184, 15.7.2017, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ Skýrsla vísindanefndarinnar um matvæli, 25. ritröð, 1990.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIDAUKI

Í 2. hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætist eftirfarandi færsla við á eftir síðustu færslunni fyrir matvælaaukefni E 551, kísildíoxíð:

| | | | |
|--------|-------------|------------------------------|---------------------|
| „E 551 | Kísildíoxíð | 10 000 mg/kg í efnablöndunni | E 252 kalíumnítrat“ |
|--------|-------------|------------------------------|---------------------|